

óvilhallra manna mati fyrir samningsrof, þó ekki yfir 50 kr., og til að borga allan af málinu löglega leiðandi kostnað. Þessum dómi hefur Halldór Magnússon áfrýjað til yfirdómsins til staðfestingar, en hinn stefndi hefur hvorki mætt nje mæta látið eptir stefnunni, og ber því að staðfesta dóminn að því er snertir hinar dæmdu skaðabætur, en þar sem gestarjetturinn ekki hefur ákveðið í dómi sínum upphæð málskostnaðar þess, sem hann hefur dæmt hinn stefnda til að greiða, ber samkvæmt L. 1-5-14 að dæma gestarjettardóminn ómerkan að þessu leyti.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur gestarjettarins á að því snertir málskostnað ómerkur að vera, en að öðru leyti að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum. —

Mánudaginn 17. marzmán.

Nr. 7/1884

Rjettvísinn  
gegn  
Birni Pjeturssyni.

D ó m u r :

Eptir skipun amtmannsins í norður- og austuramtínu í brjefi 20. júlímán. f. á., er mál þetta höfðað gegn sýslunefndarmanni Birni Pjeturssyni á Hofstöðum fyrir brot gegn 101. sbr. 99 gr. hegningarlag-

anna, er sje í því fólgið, að hann hafi gjört stefnuvottum tálmanir í að gegna embættisstörfum sínum, og með dómi, kveðnum upp í aukarjetti Skagafjarðarsýslu 25. október s. á., er hinn ákærði dæmdur sýkn af ákærum rjettvísinnar í máli þessu, og ákveðið, að málskostnaður skuli greiðast úr opinberum sjóði, en þeim dómi er af hálfu rjettvísinnar skotið til landsyfirdómsins.

Tilfnið til málshöfðunarinnar er svo sem nú skal greina. Hinn 18. janúar f. á. kom Jón Sigurðsson, eiðsvarinn stefnuvottur í Hofstadasókn, og með honum annar maður, sem hvorki var eiðsvarinn stefnuvottur, nje hafði neitt sjerstakt umbod til stefnubirtingar, hjerumbil  $1\frac{1}{2}$  klukkustund eptir sólarlag að Hofstöðum til þess að birta þar stefnu fyrir hinum ákærða og fleirum. Þegar þeir höfðu skýrt frá erindi sínu, voru þeir leiddir inn í baðstofu, og var þar kveykt ljós; las hinn ákærði þá stefnuna, og á meðan var sent eptir bróður hans, sem einnig átti að birta stefnuna, en sem þá var við fjárhirðingu. Þegar bróðir hins ákærða var kominn, sló í kappmæli milli þeirra bræðra annarsvegar og stefnuvottsins og förunauts hans hins vegar um, hvort lögmæt stefnubirting gæti fram farið, eins og þá stóð á, unz förunautur stefnuvottsins skoraði á hann að fara að „messa“ ef hann ætlaði, en þá slökkti hinn ákærði ljósið, svo stefnuvotturinn gat ekki lesið upp stefnuna, því dymmt varð í baðstofunni. Förunautur stefnuvottsins ámalgadi þá við bróður ákærða að útvega þeim annað ljós, en hann færðist undan því; að visu hafði stefnuvotturinn sjálfur með sjer kertisstúf og eldfæri, en hann notaði þau samt ekki, og

hætti við stefnubirtinguna. Var þá aptur kveykt ljós í baðstofunni, og sátu þeir stefnuvotturinn og förunautur hans þar góða stund og þáðu góðgjörðir.

Tilverknaður sá, sem hinum ákærða er gefinn að sök í máli þessu, er þannig í því fólgin, að hann slókti ljós, sem hann sjálfur ótilkvaddur hafði látið kveykja í baðstofu sinni, og með því meinaði stefnuvottinum að nota birtuna af því til að lesa upp við hana stefnu þá, er hann var kominn til að birta; en að hinn ákærði með því að slökkva ljós sitt hafi gjört stefnuvottinum lögbannaðar tálmanir í að gegna embættisstarfi hans, fær yfirdómurinn ekki sjeð, því þó að birting stefnu af einum eiðsvörnum stefnuvotti yrði skoðuð sem embættisstarf, þá bar hinum ákærða engin skylda til að láta stefnuvottinum í tje ljós við stefnubirtinguna, því síður, sem stefnubirtingar samkvæmt NL. 1-4-2 eiga að fara fram fyrir sólarlag, enda var stefnuvottinum innanhandar að nota kerti það og eldfæri, er hann sjálfur hafði með sjer.

Yfirdómurinn verður þannig að vera á sama máli og hjeradsdómarinn um það, að hinn ákærði eigi að vera sýkn af ákærum sóknarans í þessu máli, sem og að málskostnaður í hjeradi eigi að greiðast úr opinberum sjóði. Sömuleiðis ber að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 krónur til hvors þeirra úr opinberum sjóði.

Rekstur málsins í hjeradi og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Björn Pjetursson, á að vera sýkn

af ákærum sóknarans í máli þessu. Allur lög-  
legur kostnaður af málinu, þar á meðal máls-  
færslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfir-  
dóminum, málsfærslumannanna Páls Melsteðs  
og Jóhannesar Ólafssonar, 10 krónur til hvors  
þeirra, greiðist úr opinberum sjóði.

Nr. 6/1884

Rjettvísín

gegn

Bjarna Grímssyni.

### Ú r s k u r ð u r :

Áður en fullnaðardómur er lagður á þetta mál, er nauðsynlegt, að útvegaðar sjeu þær ýtarlegri upp-  
lýsingar og skilríki, er hjer segir:

- 1, Í prófunum er ekki skýrt greinilega frá atvikun-  
um, þá er hinn ákærði tók gullpening þann, sem  
mál þetta er af risið, og í skýrslu vitnisins J. M.  
Riis, eins og hún kemur fram í prófseptirritinu,  
virðist eitthvað vanta. Það þarf því að útvega  
greinilega skýrslu hins ákærða og þeirra, sem við  
voru, þar á meðal Jóns Jónssonar á Ytribúðum  
um, hvar gullpeningurinn hafi verið, þegar ákærði  
tók hann, hvort hann hafi verið innan um fleiri  
gullpeninga, og hvernig ákærði hafi farið að ná  
í hann í viðurvist svo margra manna, hvort hann  
hafi tekið hann opinberlega eða með leynd.
- 2, Með því hinn ákærði segist hafa tekið áminnstan  
gullpening í fyllirii og ringli, er nauðsynlegt að  
fá skýrslu þeirra, sem viðstaddir voru, um sak-  
hæfi hins ákærða við þetta tækifæri, sem og upp-